SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Vesturhóps og Línakradals, V-Húnavatnssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Vesturhóps og Línakradals. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Faxalæk, Vesturhópsvatni, Reyðarlæk og Miðfjarðarvatni og öllum fiskgengum ám og lækjum, sem í þessi vötn falla, en þær eru: Litla-Borg, Síða, Bjarghús, Breiðabólsstaður, Hvoll, Syðri og Ytri Klambrar, Harastaðir, Kolþernumýri, Vatnsendi, Stóra-Borg I,II og III, Urðarbak, Sporður, Stórhóll, Vatnshóll, Syðri og Ytri Þóreyjarnúpur, Hörgshóll, Böðvarshólar, Grund, Torfastaðir, Gauksmýri, Efra og Neðra Vatnshorn, Núpshlíð og Foss.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnenda eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, aðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt aðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.
10. Félagið verði hluti af eða deild úr Veiðifélagi Víðidalsár og Fitjaár, sbr. leyfi Veiðimálastjórnar, dags. 21. mars 1985, en það skal vera komið til framkvæmda ekki síðar en árið 1988.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1986.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.